FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Inngangur að náttúru- og raunvísindum
Námsgrein:	Inngangur
Viðfangsefni:	Náttúru- og raunvísindi
Skammstöfun:	INGA1NR05
Þrep:	1
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Í þessum áfanga er lögð áhersla á að nemendur kynnist náttúru- og raunvísindum á fjölbreyttan hátt og tengslum þeirra innbyrðis. Einnig verður lögð áhersla á vettvangsferðir og að nemendur læri að þekkja umhverfið sitt. Nemendur kynnist vísindalegum vinnubrögðum og vísindalegri hugsun.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • rannsóknaraðferðum í náttúru- og raunvísindum • helstu viðfangsefnum náttúru- og raunvísinda • gildi vísindalegra vinnubragða • SI-einingakerfinu • helstu hugtökum í náttúru-i og raunvísindum • vistfræði og vistkerfum • frumu- og vefjagerð mannslíkamans • lífrænum og ólífrænum efnum náttúrunnar
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • vinna verklegar æfingar • beita öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum • afla gagna og vinna úr þeim á vísindalegan hátt • túlka og lesa úr niðurstöðum athugana • spyrja gagnrýninna spurninga • færa rök fyrir máli sínu • greina einföld álitaefni og hvernig viðhorf og túlkun athugandans getur haft áhrif • vinna með öðrum á uppbyggilegan hátt að lausn viðfangsefna • meta vinnuframlag sitt og setja sér raunhæf markmið • koma frá sér upplýsingum skriflega og munnlega á vandaðan hátt • lesa í náttúruna og átta sig á hvað hefur mótað hana
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • temja sér sjálfstæði í vinnubrögðum • tileinka sér nákvæmni í vinnubrögðum

	• tengja þekkingu í náttúruvísindum við daglegt líf og umhverfi sitt • stunda nám í náttúru- og raunvísindagreinum á framhaldsskólastigi
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.